

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 6. júlí 2012
Tilvísun: UST20120600117/bs

Efnistaka í Hvammi, Sveitarfélaginu Ölfusi. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 18. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreinda efnistöku

Hér er um að ræða efnistöku á tveimur stöðum sitt hvoru megin við Hvammsveg Sunnan Hvammsvegar á svonefndu svæði 1 hefur efnistaka staðið frá 1930. Ráðgert er að taka þarna um 100.000 m³ á næstu 5-10 árum. Gengið hefur verið frá röskuðum hluta námunnar með uppgreftri og óvirkum úrgangi mestmegnis frá Hveragerði. Umhverfisstofnun vill benda á að meðferð úrgangs skal vera í samræmi við reglugerð nr 738/2003 um urðun úrgangs.

Á svæði 2 norðan Hvammsvegar hófst efnistaka árið 1954. Þarna er ráðgert að taka um 500.000 m³ á allt að 30 árum.

Umræddar malarnámur eru í framburðarkeilu sem mynduð er af framburði Jökulvatna Samkvæmt Páli Imslund jarðfræðingi eru slíkar framburðarkeilur hvorki sjaldgæfar né óvenjuleg náttúruframbærir Gróðurfar á námusvæðinu er nokkuð fjölbreytt þó er graslendi og ræktarland Engar plöntur á valista eða friðar tegundir fundust. Fuglalíf er talið fábreytt á námusvæðinu. Sjónræn áhrif og áhrif á landlag einskorðast á vinnslutíma námunnar við þá hluta hennar þar sem efnistakan fer fram hverju sinni Ráðgert er að ganga frá svæði 2 á sama hátt og svæði eitt, þ.e. að ná sömu landhæð og fyrir efnistöku með því að fylla námuna af uppgreftri og óvirkum úrgangi. Ráðgert er að græða námusvæðin upp að frágangi loknum Ekki er talið að efnistakan og urðun uppmoksturs við frágang námunnar muni hafa neikvæð áhrif á vatnsgæði

Efnistaka í Hvammi hefur staðið yfir í langan tíma Af þeim frágangi sem þegar hefur verið ráðist í er ljóst að þarna er unnt að stunda efnistöku án þess að hún valdi varanlegum breytingum á landlagi Efnistakan fer fram í jarðmyndum sem er algeng hér á landi og er ekki talin hafa mikið verndargildi Áhrif á gróður og dýralíf verða lítil.

Að teknu tilliti til ofangreindara atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson